


# ÁN TRÚNAÐARUPPLÝSINGA



## Samrunaskrá

Kaup Samkaupa hf. á eignum 14 verslana  
af Basko verslunum ehf.

25. júní 2018

## **Samrunaskrá**

**Kaup Samkaupa hf. á eignum 14 verslana  
af Basko verslunum ehf.**

**25. júní 2018**

## 1. STUTT LÝSING SAMRUNA

Með meðfylgjandi kaupsamningi, dags. 12. júní 2018, hafa Samkaup hf. lofað að kaupa og Basko verslanir ehf. lofað að selja 14 nánar tilgreindar verslanir og lausafé sem notað er við rekstur umræddra verslana. Samkvæmt kaupsamningnum er félagið sjálft, Basko verslanir ehf., kennitala þess og efnahagsrekningur ekki hluti af hinu selda.

Samruninn hefur ekki komið til framkvæmda, sbr. 3. mgr. 17. gr. a. samkeppnisлага nr. 44/2005, en kaupsamningur er gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Hér á eftir og í meðfylgjandi skjölum fara þær upplýsingar sem skulu koma fram í tilkynningu um samruna samkvæmt ákvæðum 17. gr. a. samkeppnisлага nr. 44/2005 og viðauka I við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Samkaup hf. (Samkaup) er fyrirtæki sem starfar á sviði dagvöruverslunar. Fyrirtækið rekur 48 smávöruverslanir undir nöfnunum Nettó, Kjörbúðin, Krambúð, Samkaup Strax og Seljakjör á 33 stöðum á landinu. Verslanirnar eru í Reykjanesbæ, Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Akureyri, Borgarnesi, Selfossi, Grindavík, Höfn í Hornafirði, Egilsstöðum, Húsavík, Ísafirði, Akranesi, Flúðum, Laugarvatni, Mývatnssveit, Grundarfirði, Búardal, Blönduósi, Bolungarvík, Dalvík, Djúpavoggi, Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Garði, Neskaupstað, Ólafsfirði, Sandgerði, Seyðisfirði, Siglufirði, Skagaströnd og Þórshöfn.

Félagið Basko verslanir ehf. (Basko verslanir) starfar aðallega á sviði dagvöruverslunar og rekur 23 smávöruverslanir undir vörumerki 10-11 í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Reykjanesbæ og á Akranesi og eru flestar þeirra opnar allan sólarhringinn. Einnig rekur félagið 7 verslanir undir vörumerki Iceland í Kópavogi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Reykjavík og á Akureyri. Allar Iceland verslanir eru opnar allan sólarhringinn. Þá rekur félagið tvær verslanir undir merkjum Háskólabúðarinnar, eina verslun undir nafninu Kvosin, eina Inspired by Iceland verslun og veitingastaðinn Bad Boys Burgers & Grill.

Móðurfélag Basko verslana er Basko ehf., kt.560410-0690. Það félag á einnig Imtex ehf., sem annast innflutning og rekur vöruhúss. Þá er Drangasker ehf., rekstraraðili Dunkin Donuts, dótturfélag Basko verslana.

Samkaup telja að samruninн hindri ekki samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til á dagvörumarkaði. Þá telja Samkaup að samruninn verði ekki til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti í skilningi 17. gr. c. samkeppnislagi. Því telja Samkaup að ekki séu fyrir hendi lagaskilyrði til íhlutunar í samrunann.

## 2. GRUNNUPPLÝSINGAR UM SAMRUNAAÐILA

Samrunaaðilar eru:

Samkaup hf.	Basko verslanir ehf.
kt. 571298-3769	kt. 470710-0470
Krossmóa 4	Klettagörðum 6
260 Reykjavík	105 Reykjavík

Samkvæmt samþykktum Samkaupa er tilgangur félagsins rekstur almennra dagvöru- og smávöruverslana og annað það sem þeirri starfsemi tilheyrir.

Samkvæmt samþykktum Basko verslana er tilgangur félagsins verslunarrekstur, inn- og útflutningur, kaupa og sala eigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Tengiliður Samkaupa við Samkeppniseftirlitið er, samkvæmt meðfylgjandi umboði:

Áslaug Árnadóttir hrl.	
Landslögum slf.	Netfang: <a href="mailto:aslaug@landslog.is">aslaug@landslog.is</a>
Borgartúni 26	Sími: 520 2900
Reykjavík	

Tengiliður Basko verslana við Samkeppniseftirlitið er, samkvæmt meðfylgjandi yfirlýsingu:

Birgir Tjörvi Pétursson hdl.	
Lögmenn Lækjargötu ehf.	
Lækjargötu 2	Netfang: <a href="mailto:birgir@laekjargata.is">birgir@laekjargata.is</a>
Reykjavík	Sími: 893-6300

Óskað er eftir því að upplýsingar sem eru innan hornklofa í samrunaskrá þessari verði farið með sem trúnaðarmál á grundvelli 16. gr. málsméðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005, hvort sem er á milli samrunaaðila sjálfra eða út á við, vegna viðkvæms viðskiptalegs eðlis þeirra.

### 3. UPPLÝSINGAR UM SAMRUNANN

#### 3.1 Aðdragandi samruna

Samkaup starfa á dagvörumarkaði, en nokkrar breytingar hafa orðið á þeim markaði að undanförnu og sér fyrirtækið tækifærri í því að fjlóga verslunum í sinni eigu.

Þann 6. mars 2018 undirrituðu aðilar trúnaðaryfirlýsingu vegna hugsanlegra kaupa Samkaupa á hlutum í Basko verslunum eða hluta af eignum Basko verslana, nánar tiltekið 13 verslanir eða eftir atvikum annan þann fjöldi verslana sem aðilar yrðu ásáttir um. Kvað trúnaðaryfirlýsingin jafnframt á um einkaviðræðurétt til 28. mars 2018.

Þann 4. apríl 2018 var lagt fram kauptilboð í 14 verslanir í eigu Basko verslana af hálfu Samkaupa, með fyrirvörum í 11 liðum. Var tilboðið samþykkt af hálfu Basko verslana og hluthafa í Basko ehf. sama dag.

Íslandsbanki hf. hefur séð um að útbúa kaupsamning vegna viðskiptanna og að lokinni gerð áreiðanleikakönnunar var kaupsamningur undirritaður þann 12. júní 2018.

#### 3.2 Markmið samruna

Markmið samrunans eru að styrkja stöðu Samkaupa á dagvörumarkaði og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Skipting veltu Samkaupa milli höfuðborgarsvæðisins annars vegar og landsbyggðarinnar hins vegar hefur verið þannig að innan við þriðjungur veltu félagins hefur komið af höfuðborgarsvæðinu. Á sama tíma er skipting íbúafjölda landsins þannig að um tveir þriðju hluta íbúa landsins búa á höfuðborgarsvæðinu.

Á höfuðborgarsvæðinu eru tveir aðilar sem ráða 70-80% af markaðinum og þar af annar þeirra með 45-50% hlutdeild. Næstu aðilar þar á eftir eru með 5-10% hlutdeild. Með tilliti til þess hvernig skipting íbúa milli landbyggðar og höfuðborgar er og hvernig spár um íbúapróoun eru, er brýnt fyrir Samkaup að styrkja stöðu sína á

höfuðborgarsvæðinu. Einnig er brýnt út frá því hvernig hlutdeild skiptist í dag milli aðila á höfuðborgarsvæðinu að þeim tveim stóru sem ráða markaðinum sé veitt aðhald. Samrunirn gefur möguleika á samlegðaráhrifum sem felast í hlutfallslega lægri stjórnunarkostnaði og hagkvæmari innkaupum.

### 3.3 Eðli samruna.

Svo sem fram kemur í meðfylgjandi kaupsamningi er ekki um fólagslegan samruna að ræða, heldur munu Samkaup kaupa rekstur eftirfarandi 14 verslana og lausafé tengt verslununum af Basko verslunum:

[Verslun Iceland við Engihjalla 8 í Kópavogi  
Verslun Iceland við Vesturberg 76 í Reykjavík  
Verslun Iceland við Arnarbakka 2-4 í Reykjavík  
Verslun Iceland í Glæsibæ, Álfheimum 74 í Reykjavík  
Verslun Iceland við Staðarberg 2-4 í Hafnarfirði  
Verslun Iceland við Hafnargötu 51-55 í Reykjanesbæ  
Verslun Iceland í Kaupangi, Mýrarvegi á Akureyri  
Verslun 10-11 við Lágmúla 9 í Reykjavík  
Verslun 10-11 við Hjarðarhaga 47 í Reykjavík  
Verslun 10-11 í Grímsbæ, Efstalandi 26 í Reykjavík  
Verslun 10-11 við Laugalæk 9 í Reykjavík  
Verslun 10-11 við Borgartún 26 í Reykjavík  
Háskólabúðin við Menntaveg 1 í Reykjavík  
Háskólabúðin við Eggertsgötu 24 í Reykjavík]<sup>1</sup>

Samkaup munu ekki taka yfir sambönd Basko verslana gagnvart birgjum á grundvelli kaupsamningsins, en í samningnum er þó gert ráð fyrir því að [

].]<sup>2</sup>

Eftir viðskiptin munu Basko verslanir áfram reka 18 verslanir undir nafninu 10-11 auk verslunarinnar Kvosarinnar, Inspired by Iceland verslunar og veitingastaðarins Bad Boys Burgers & Grill.

Hvorugur samrunaaðila hefur þegið opinbera fjárhagsaðstoð.

<sup>1</sup> Trúnaðarmál

<sup>2</sup> Trúnaðarmál

### **3.4 Atvinnuvegir**

Samruninn tekur til dagvöruverslunar.

### **3.5 Kaupverð**

[

.]<sup>3</sup>

### **3.6 Velta samrunaaðila**

Velta **Samkaupa** árið 2017 var 25.570 milljónir kr.

Samkaup hafa enga veltu á erlendum mörkuðum.

Velta **Basko verslana** árið 2017 var 9.528 milljónir króna

Basko verslanir hafa enga veltu á erlendum mörkuðum.

### **3.7 Mögulegur ávinningur samrunans**

Helstu markmiðum aðila með samrunanum var lýst í kafla 3.2. Með því að kaupa 14 verslanir, [ ]<sup>4</sup> telur Samkaup að möguleiki sé á að ná fram hagræðingu í rekstri vegna samlegðaráhrifa sem felast í hlutfallslega lægri stjórnunarkostnaði og hagkvæmari innkaupum.

## **4. EIGNARHALD OG YFIRRÁÐ**

### **4.1 Yfrráð yfir samrunaaðilum**

Eigendur **Samkaupa** eru:

Hluthafi	Eignarhlutur
Kaupfélag Suðurnesja svf.	52,9%
Birta lífeyrissjóður	14,55%
Kaupfélag Borgfirðinga	13,04%
KB framfarafélag ehf.	7,24%
Eignarhaldfélagið Bjarmi ehf.	5,13%
Byggðastofnun	2,84%
Fagurey ehf.	1,88%
Guðjón P. Stefánsson	0,26%
Magnús Haraldsson	0,18%
Kaupfélag Árnesinga	0,17%

<sup>3</sup> Trúnaðarmál

<sup>4</sup> Trúnaðarmál

Þá eiga fjölmargir aðilar 0,1% hlutafjár eða minna í félaginu og voru hluthafar í árslok 2017 samtals 175.

Eigendur **Basko verslana** eru:

Basko ehf., kt. 560410-0690 með 100% eignarhlut.

Eignarhaldi á Basko ehf. er þannig háttað (A-hlutir):

Hluthafi	Eignarhlutur
Horn III slhf.	80,18%
Station ehf.	11,62%
Árni Pétur Jónsson	6,38%
Borgarhólmi ehf.	1,82%

Þá eru einnig útistandandi B-hlutir í Basko ehf. sem eru án atkvæðisréttar en með forgang til arðs.

Horn III slhf. er framtakssjóður sem er í rekstri sjóðastýringarfyrirtækisins Landsbréfa sem er dótturfélag Landsbankans. Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður um óskráðar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi.

#### 4.2 Fyrirtæki sem eru undir yfirráðum samrunaaðila

##### Samkaup

Samkaup eða eigendur Samkaupa sem tilgreindir eru í lið 4.1. fara ekki með yfirráð í öðrum fyrirtækjum á dagvörumarkaði á Íslandi. Þá á félagið ekki eignarhlut í öðrum félögum í tengdum starfsgreinum.

**Samkaup** eiga 15% eignarhlut í félaginu Gráfargili ehf., en það félag rekur fyrirtækja- og bókhaldsþjónustu.

##### Basko verslanir

Basko ehf. fer með yfirráð yfir þemur félögum, Basko verslunum ehf. (100%), Eldum rétt ehf. (50%) og Imtex ehf. (100%), en það er vöruhúsafélag Basko. Drangasker ehf. er dótturfélag Basko verslana ehf. og í 100% eigu þess.

Eigendur Basko sem tilgreindir eru í lið 4.1 fara ekki með yfirráð í öðrum fyrirtækjum á dagvörumarkaði á Íslandi eða í tengdum starfsgreinum.

#### 4.3 Formlegt og óformlegt viðskiptalegt samstarf við aðila á sama eða tengdum mörkuðum

**Samkaup** hefur ávallt starfað sjálfstætt og unnið sitt markaðs- og þróunarstarf sjálfstætt.

Sama hefur gilt um **Basko verslanir** á umræddum markaði.

Samrunaaðilar eiga því ekki í viðskiptalegu samstarfi við fyrirtæki sem starfa á sama eða tengdum markaði.

## 5. PERSÓNULEG OG FJÁRHAGSLEG TENGL OG FYRRI YFIRTÖKUR

Upplýsingar um önnur fyrirtæki sem starfa á mörkuðum þar sem áhrifa gætir og tengjast samrunaaðilum

### 5.1 Fyrirtæki með starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir og tengjast samrunaaðilum

Svo sem greint er frá hér að framan starfa þau félög sem Samkaup á hlut í ekki á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

Ekki er heldur um slík fyrirtæki að ræða varðandi Basko.

### 5.2 Upplýsingar um stjórnarsetu

Stjórn Samkaupa skipa:

Nafn, hlutverk	kennitala
Skúli Þ. Skúlason, formaður	300456-5459
Árelíja Eydís Guðmundsdóttir, meðstjórnandi	161066-4869
Margrét Katrín Erlingsdóttir, meðstjórnandi	040362-3399
Halldór Jóhannesson, meðstjórnandi	040872-4189
Guðsteinn Einarsson, meðstjórnandi	050654-4949

Stjórnarmenn Samkaupa eiga ekki sæti í stjórn annars fyrirtækis sem telst keppinatur Samkaupa.

Forstjóri Samkaupa er Ómar Valdimarsson. Framkvæmdastjórar eru Brynjar Steinarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, Stefán Ragnar Guðjónsson, framkvæmdastjóri innkaupasviðs og Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs.

Stjórn Basko verslana ehf. skipa:

Nafn, hlutverk	kennitala
Árni Pétur Jónsson, stjórnarmaður	111266-3799
Ólafur Þór Jóhannesson, varamaður	130572-3409

Hvorki stjórnarmaðurinn eða varamaðurinn eiga sæti í stjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir. Árni Pétur Jónsson er einnig framkvæmdastjóri félagsins.

### 5.3 Fyrri yfirtökur samrunaaðila á hinum skilgreinda markaði

Á árinu 2016 keyptu Samkaup verslunarrekstur í eigu Miðbúðarinnar ehf., sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 21/2016.

Þá keypti Basko ehf. 100% eignarhlut í Kvosinni ehf. á vormánuðum 2017, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 15/2017.

Basko verslanir ehf. hét áður Rekstrarfélag Tíu-Ellefus ehf. Það félag yfirtók félögin Ísland-Verslun hf. og Kvosina ehf. síðari hluta árs 2017 og var hinum yfirteknu félögum slitið og nafni Rekstrarfélags Tíu-Ellefus ehf. breytt í Basko verslanir ehf.

Pann 9. maí 2018 samþykkti Samkeppniseftirlitið kaup Basko ehf. á helningshlut í Eldum rétt ehf., sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2018.

## 6. FYLGISKJÖL

Meðfylgjandi eru eftirtalin fylgiskjöl:

[Fskj. 1	Kaupsamningur, dags. 12. júní 2018] <sup>5</sup> TRÚNMÁL
[Fskj. 2	Kauptilboð, dags. 4. apríl 2018] <sup>6</sup> TRÚNMÁL
Fskj. 3	Ársreikningur Samkaupa fyrir árið 2017
Fskj. 4	Ársreikningur Samkaupa fyrir árið 2016
Fskj. 5	Ársreikning Rekstrarfélags Tíu-ellefu ehf. fyrir árið 2016 <sup>7</sup>
Fskj. 6	Ársreikningur Rekstrarfélags Tíu-ellefu ehf. fyrir árið 2015
Fskj. 7	Ársreikningur Íslands-Verslunar hf. fyrir árið 2016
Fskj. 8	Ársreikningur Íslands-Verslunar hf. fyrir árið 2015
Fskj. 9	Umboð
Fskj. 10	Yfirlýsing
Fskj. 11	Afrit af greiðslukvittun vegna samrunagjalds.

<sup>5</sup> Trúnaðarmál

<sup>6</sup> Trúnaðarmál

<sup>7</sup> Ársreikningur Basko verslana ehf. fyrir árið 2017 liggur ekki fyrir.

## 7. SKILGREININGAR Á MÖRKUÐUM

### 7.1 Markaðir þar sem áhrifa gætir

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Samkvæmt reglum nr. 684/2008 eru viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaðir og landfræðilegir markaðir lagðir til grundvallar við mat á markaðsstyrk þeirrar nýju einingar sem verður til við samrunann.

#### VÖRUMARKAÐUR

Í framangreindum reglum um tilkynningu samruna kemur fram að með viðkomandi vörumarkaði sé átt við „markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Markaður er sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar.

Samkaup telja þann markað sem samruninn hefur áhrif á í skilningi samkeppnislaga vera markað fyrir sölu á dagvörum í dagvöruverslunum (dagvörumarkaður), en með dagvöru er átt við vörur sem uppfylla daglegar neysluþarfir neytenda og hefur Samkeppniseftirlitið talið að verslanir þurfi að hafa á boðstórum ákveðið úrval af t.d. matar-, drykkjar-, hreinlætis- og snyrtivörum, sbr. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017 og 64/2008 og skýrsla Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015, Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði – Staða samkeppnirnar 2015.

#### LANDFRÆÐILEGUR MARKAÐUR

Í viðauka við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna segir að til landfræðilegs markaðar teljist það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og/eða eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum. Þá kemur fram í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli 28/2017, samruni Haga hf. og Lyfju hf., að stærð landfræðilegs markaðar velti m.a. á því að hvaða marki þörf er talin á því að kaupandinn sé í nálægð við seljandann. Segir að mat á því ráðist venjulega af því hvað einkenni vöruna/þjónustuna og viðskiptavinina, eftir hvaða leiðum sala og þjónusta fari fram svo og af eðli viðskiptanna. Sérstaklega skipti máli hversu mikil þörf er á beinu sambandi milli kaupanda og seljanda og hver yrði tíma- og ferðakostnaður við

að nálgast seljanda í meiri fjarlægð. Telur stofnunin að markaðir hafi tilhneigingu til að vera staðbundnr þegar mikil þörf er á beinum samskiptum viðskiptavina og seljanda vörurnar og því hafi almennt verið litið svo á í samkeppnisrétti að smásölu markaðir séu staðbundnr.

Samkeppniseftirlitið hefur alla jafna skilgreint höfuðborgarsvæðið sem sérstakan landfræðilegan markað við sölu á dagvöru.<sup>8</sup> Þá hefur stofnunin í málum er varða dagvörumarkað miðað við að verslanir geti að öðru jöfnu náð til sín viðskiptavinum sem ekki þurfi að leggja á sig lengri en 20 mínútna akstur í viðkomandi verslun. Einnig hefur í einstökum málum verið vísað til 20 km fjarlægðar frá verslun.<sup>9</sup> Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017 var miðað við að verslun gæti að öðru jöfnu laðað til sín neytendur sem staddir væru í u.þ.b. 20-30 mín. akstursfjarlægð frá versluninni og skilgreindi stofnunin markaði með dagvöru í málinu með eftirfarandi hætti:

- Höfuðborgarsvæðið: Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.
- Borgarbyggð: Borgarnes, Hvanneyri, Varmaland, Reykholt og Bifröst.
- Snæfellsnes: Stykkishólmur, Grundarfjörður, Snæfellsbær (Ólafsvík, Rif og Hellissandur) og Búðardalur.
- Norðanverðir Vestfirðir: Ísafjarðarbær (Ísafjörður, Flateyri, Hnífsdalur, Suðureyri og Þingeyri), Súðavík og Bolungarvík.
- Norðurland vestra: Blönduós, Hofsós, Hvammstangi, Sauðárkrókur og Skagaströnd.
- Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið: Akureyri, Dalvík og aðrir staðir við Eyjafjörð.
- Norðurland eystra: Húsavík, Raufarhöfn, Kópasker, Vopnafjörður og Þórshöfn.
- Austurland: Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Fjarðabyggð (Neskaupstaður, Mjóifjörður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður) og Fellabær.
- Suðurland: Árborg (Selfoss, Stokkseyri, Eyrarbakki), Flúðir, Laugarás, Árnes, Hveragerði, Þorlákshöfn, Hella, Hvolsvöllur og Þykkvibær.

---

<sup>8</sup> Sjá m.a. skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015, Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði – Staða sámkeppninnar 2015, ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 64/2008 Misnotkun Haga hf. á markaðsráðandi stöðu sinni, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2009 og dóm Hæstaréttar í máli nr. 188/2010 Hagar hf. gegn Samkeppniseftirlitinu. Sjá einnig ákvörðun samkeppnisráðs nr. 18/1999 Yfirtaka Baugs hf. á Vöruveltunni hf.

<sup>9</sup> Sjá m.a. ákvárdanir samkeppnisráðs nr. 18/1999, Yfirtaka Baugs hf. á Vöruveltunni hf. og nr. 38/2002 Samningur Baugs Group hf. og Eignarhaldsfélagsins Fengs hf. um stofnun á félagi um rekstur Ávaxtahússins ehf. og Banana ehf.

- Suðurnes: Reykjaneshús (Keflavík, Njarðvík og Hafnir), Garður, Sandgerði, Grindavík og Vogar.

Verður ekki séð að þessi skipting landfræðilegra markaða sé að öllu leyti í samræmi við þær forsendur sem fram koma að neytendur séu í u.p.b. 20-30 mín. akstursfjarlægð frá verslun, enda eru t.d. tæpir 44 km milli Akureyrar og Dalvíkur og akurstími þar á milli um 36 mínútur og rúmlega 62 km milli Akureyrar og Ólafsfjarðar og akurstími þar á milli um 50 mínútur.

Samkaup reka dagvöruverslanir á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi), á Akranesi, í Borgarbyggð (Borgarnesi), á Snæfellsnesi (Grundarfirði og Búðardal) á norðanverðum Vestfjörðum (Ísafirði og Bolungarvík), á Norðurlandi vestra (Blönduósi og Skagaströnd), á Siglufirði, á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu (Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði), á Norðurlandi eystra (Húsavík, Mývatnssveit og Þórshöfn), á Austurlandi (Egilsstöðum, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði og Fáskrúðsfirði), á Djúpavogi og Höfn í Hornafirði, á Suðurlandi (Selfossi, Flúðum og Laugarvatni) og á Suðurnesjum (Reykjaneshús, Grindavík, Garði og Sandgerði).

Basko verslanir reka dagvöruverslanir á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði), á Akranesi, á Akureyri og í Reykjaneshús

## **7.2 Starfsemi samrunaaðila á skyldum mörkuðum**

Samrunaaðilar starfa ekki á skyldum mörkuðum, sbr. það sem fyrr segir um starfsemi samrunaaðila og eignir í öðrum félögum.

## **7.3 Markaðir þar sem áhrifa gætir ekki.**

Við samrunann gætir áhrifa á dagvörumarkað á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjaneshús og á Akureyri, en samrunaaðilar telja að samruninn hafi ekki áhrif á aðra markaði.

# **8. UPPLÝSINGAR UM MARKAÐI ÞAR SEM ÁHRIFA GÆTIR**

## **8.1 Upplýsingar um áætlaða heildarstærð dagvörumarkaðarins**

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015 er velta verslana með dagvöru áætluð um 130 milljarðar króna. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017 vegna samruna Haga hf. og Lyfju hf. er velta á dagvörumarkaði áætluð á bilinu frá 140 til 150 milljarðar

króna. Samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Rannsóknarseturs verslunarinnar<sup>10</sup> um íslenska verslun í tölum 2017 nam velta í flokki stórmarkaða og dagvöruverslana árið 2016 211,4 milljörðum kr. Hafa samrunaaðilar ekki aðrar upplýsingar um heildarstærð markaðarins en þarna koma fram.

## **8.2 Markaðshlutdeild í fjárhæðum, hundraðshlutum og magni hjá hverju fyrirtæki sem að samruna stendur**

### *A. Markaðshlutdeild í fjárhæðum*

#### *Markaðshlutdeild Samkaupa í fjárhæðum*

Samkvæmt ársreikningi Samkaupa 2017 voru rekstrartekjur félagsins á árinu 2017 25.570.948.686 kr. Aðrar tekjur félagsins námu 100.769.855 kr.

#### *Markaðshlutdeild Basko verslana í fjárhæðum*

Samkvæmt ársreikningi Rekstrarfélags Tíu-ellefu ehf. (nú Basko verslanir ehf.) 2016 voru tekjur félagsins af sölu 1. mars 2016 til 28. febrúar 2017 6.847.749.000 kr. Aðrar rekstrartekjur félagsins námu 21.383.000 kr.

Samkvæmt ársreikningi Íslands-Verslunar hf. 2016 voru tekjur félagsins af sölu 1. mars 2016 til 28. febrúar 2017 2.864.204.000 kr. Aðrar rekstrartekjur félagsins námu 1.621.000 kr.

### *B. Markaðshlutdeild í prósentum*

Í ákvörðun nr. 28/2017 taldi Samkeppniseftirlitið að markaðshlutdeild Samkaupa á dagvörumarkaði væri 15-20% á landinu öllu á árunum 2015 og 2016. Í ákvörðuninni var markaðshlutdeild Samkaupa á höfuðborgarsvæðinu talin 5-10%. Í ákvörðuninni er ekki fjallað um markaðshlutdeild í dagvöruverslun á öðrum landsvæðum, en í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015 kemur fram að markaðshlutdeild Samkaupa á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu sé 37-38% og á Suðurnesjum sé hún 46-47%.

Í ákvörðun nr. 28/2017 taldi Samkeppniseftirlitið að markaðshlutdeild Basko verslana (þá 10-11/Iceland) á dagvörumarkaði væri 5-10% á landinu öllu á árunum 2015 og 2016. Í ákvörðuninni var markaðshlutdeild Basko verslana á höfuðborgarsvæðinu talin 5-10%. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015 kemur fram að

---

<sup>10</sup> Sjá: <http://ec2-34-252-106-79.eu-west-1.compute.amazonaws.com/bok/>

markaðshlutdeild Basko verslana á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu sé 1-2% og á Suðurnesjum sé hún 10-11%.

Samrunaaðilar vekja athygli á að markaðshlutdeild hefur væntanlega breyst síðan þessar tölur voru settar fram af hálfu stofnunarinnar. Meðal annars opnaði Krónan verslun í Reykjaneshús í lok október 2015 og Bónusverslunin við Langholt á Akureyri var stækkuð um 270 m<sup>2</sup> á fyrri hluta ársins 2018.<sup>11</sup> Þá var verslunum 10-11 breytt í Iceland verslun síðast liðinn vetur. [

.]<sup>12</sup>

### 8.3 Áætluð markaðshlutdeild allra keppinauta sem ráða yfir að minnsta kosti 10% af markaðnum sem er til athugunar

Nýjustu tölur Samkeppniseftirlitsins um markaðshlutdeild á dagvörumarkaði er að finna í ákvörðun nr. 28/2017, en þar taldi Samkeppniseftirlitið að markaðshlutdeild væri eftirfarandi á árunum 2015 og 2016 á dagvörumarkaði:

**Landið allt**

Hagar	45-50%
Festi	15-20%
Samkaup	15-20%
10-11/Iceland	5-10%
Fjarðarkaup	0-5%
Víðir	0-5%
Kaupfélag	0-5%
Skagfirðinga	
Melabúðin	0-5%
Kostur	0-5%
Aðrar	0-5%
dagvöruverslanir	

**Höfuðborgarsvæðið**

Hagar	50-55%
Festi	20-25%
Samkaup	5-10%
10-11/Iceland	5-10%
Fjarðarkaup	0-5%
Víðir	0-5%
Melabúðin	0-5%

<sup>11</sup> <http://www.kaffid.is/bonus-vid-langholt-lokar-10-februar/>

<sup>12</sup> Trúnaðarmál

Kostur	0-5%
Aðrar dagvöruverslanir	0-5%

Í ákvörðuninni er ekki fjallað um markaðshlutdeild í dagvöruverslun á öðrum landsvæðum. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015 kemur fram að markaðshlutdeild sé eftirfarandi á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu og á Suðurnesjum:

#### Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið

Hagar	59-60%
Samkaup	37-38%
10-11	1-2%
Aðrar verslanir	2-3%

#### Suðurnes

Samkaup	46-47%
Hagar	40-41%
10-11	10-11%
Góður kostur	2-3%

#### 8.4 Mat á heildarverðmæti og heildarmagni og uppruna innflutnings

Ekkert sérstakt sem þarf að tilgreina.

#### 8.5 Hvernig framleiða og selja samrunaaðilar vöru og þjónustu

Samrunaaðilar kaupa þær vörur sem seldar eru í verslunum félaganna ýmist af innlendum birgjum eða flytja vörurnar inn.

#### 8.6 Samanburður á verði sem aðilar samrunans bjóða á Íslandi og í öðrum ríkjum

Samrunaaðilar selja ekki vörur sínar á erlendum mörkuðum.

#### 8.7 Eðli og umfang lóðréttar samþættingar fyrir hvern samrunaaðila um sig miðað við helstu keppinauta

Ekki er um að ræða lóðréttu samþættingu á umræddum markaði í tilviki samrunaaðila.

## 8.8 Sundurliðun á heildartekjum eftir vöruflokkum

Samrunaaðilar selja einungis dagvöru. Sala á dagvöru skiptist þannig eftir verslunum:  
[Samkaup

.]<sup>13</sup>

## [Basko verslanir

.]<sup>14</sup>

**8.9 Upplýsingar um helstu kostnaðarliði og kostnaðaruppbryggingu samrunaaðila**  
Helstu kostnaðarliðir í rekstri Samkaupa á árinu 2017 voru samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi:

Laun	2.796.647.038 kr.
Launatengd gjöld	519.916.618 kr.

---

<sup>13</sup> Trúnaðarmál

<sup>14</sup> Trúnaðarmál

Annar starfsmannakostnaður	61.534.949 kr.
Annar rekstrarkostnaður	1.772.128.387 kr.
<b>Samtals</b>	<b>5.150.226.992 kr.</b>

Helstu kostnaðarliðir í rekstri Basko verslana (Rekstrarfélags Tíu-ellefu) á rekstrarárinu 2016/2017 (frá 1. mars 2016 til 28. febrúar 2017) voru samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi:

Laun	1.477.521.000 kr.
Launatengd gjöld	277.774.000 kr.
Annar rekstrarkostnaður	701.245.000 kr.
<b>Samtals</b>	<b>2.456.540.000 kr.</b>

## 5. ALMENN SKILYRÐI Á MÖRKUÐUM ÞAR SEM ÁHRIFA GÆTIR

9.1 Tilgreinið fimm helstu sjálfstæðu birgja aðilanna og hlut hvers þeirra í innkaupum frá hverjum þessara birgja

### [Samkaup

Stærstu birgjar:	Upphæð viðskipta 2017	%

]<sup>15</sup>

### [Basko verslanir

Stærstu birgjar:	Upphæð viðskipta 2017	%

<sup>15</sup> Trúnaðarmál


J<sup>16</sup>

## Framboð á mörkuðum

### 9.2 Lýsing helstu dreifileiða og þjónustukerfa á umræddum mörkuðum

Samrunaaðilar kaupa þær vörur sem seldar eru í verslunum félaganna ýmist af innlendum birgjum eða flytja vörurnar inn.

### 9.3 Heildarafkastageta síðastliðin þrjú ár

Á ekki við.

### 9.4 Aðrir þættir framboðs sem máli skipta

Samrunaaðilar telja ekki aðra þætti framboðs skipta máli.

### 9.5 Stærstu viðskiptamenn

Verslanir samrunaaðila eru smásöluverslanir og því eru viðskiptamenn bæði Samkaupa og Basko verslana því mikill fjöldi einstaklinga og félaga.

### 9.6 Fyrirkomulag eftirspurnar á hinum skilgreindu mörkuðum málsins

#### a) Þróun markaðarins

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins frá 2015 segir að mikil samþjöppun hafi orðið á dagvörumarkaði á síðustu áratugum, en að vísbendingar séu um að þróun í átt til sífellt aukinnar samþjöppunar hafi a.m.k. um stundarsakir verið snúið við eftir 2009. Þá hefur opnun verslunar Costco í Garðabæ á síðasta ári haft áhrif á þróun markaðarins.

#### b) Vægi viðskiptavinavildar að því er varðar vörumerkjatryggð, vöruaðgreiningu og heildarvöruúrvval

Vægi viðskiptavinavildar á dagvörumarkaði er væntanlega svipað og almennt gerist á öðrum mörkuðum.

#### c) Samþjöppun og dreifing neytenda

Neytendur á dagvörumarkaði er dreifðir um allt land.

---

<sup>16</sup> Trúnaðarmál

**d) Skipting viðskiptavina í ólíka flokka og lýsingu á „dæmigerðum viðskiptavini“ í hverjum flokki**

Viðskiptavinir dagvöruverslana eru fyrst og fremst almennir neytendur. Erfitt er að lýsa dæmigerðum viðskiptavini dagvöruverslana öðruvísi en að vísa til hins almenna neytanda.

**e) Vægi samninga um einkadreifingu og annars konar langtímasamninga**  
Á ekki við.

**f) Vægi eftirspurnar frá opinberum yfirvöldum, ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum**

**eða áþekkum aðilum**

Á ekki við.

### **Markaðsaðgangur**

#### **9.7 Innkoma nýrra fyrirtækja á síðustu fimm árum**

Nýir aðilar hafa komið inn á dagvörumarkaðinn síðustu ár, en rekstri einhverra þeirra s.s. Kosts og Viðis hefur verið hætt aftur. Verslanir Iceland hafa þó náð fótfestu á markaðnum. Þá opnaði alþjóðlega stórfyrirtækið Costco verslun í Garðabæ í lok maí 2017 og hefur verslunin náð nokkurri markaðshlutdeild.

#### **9.8 Erlend samkeppni**

Alþjóðlega stórfyrirtækið Costco opnaði verslun í Garðabæ í maí 2017. Ekki starfa aðrir erlendir aðilar á dagvörumarkaði.

#### **9.9 Aðgangur að mörkuðum**

Ekki eru sérstakar aðgangshindranir að dagvörumarkaði í lögum og reglugerðum og tæknilega er ekki mjög flókið að hefja verslun með dagvörur. Hins vegar hefur Samkeppniseftirlitið talið að talsverðar hindranir séu á markaðnum sem geri nýjum aðilum erfitt að stækka og auka hlutdeild sína á markaði og eflast í samkeppni við t.d. lágvöruverðsverslanir Bónuss og Krónunnar.<sup>17</sup> Telur Samkaup að aðgangshindranir felist helst í því að erfitt er að finna húsnæði fyrir starfsemi verslana sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess getur verið erfitt að keppa við stærstu aðila á markaðnum sem búa yfir öflugu dreifikerfi og hagstæðum samningum við birgja.

#### **9.10 Rannsóknir og þróun**

Á ekki við.

---

<sup>17</sup> Skýrsla Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015.

## **9.11 og 9.12 Samstarfssamningar**

Á ekki við.

## **9.13 Atvinnugreinasamtök.**

Samkaup og Basko verslanir eru aðilar að SVþ, Samtökum verslunar og þjónustu og Samtökum atvinnulífsins, SA.

## **10. ÁHRIF Á NEYTENDUR OG MILLILIÐI**

Að mati Samkaupa er samruninn líklegur til að hafa jákvæð áhrif á neytendur. Með samrunanum er ætlunin að styrkja slöðu Samkaupa á dagvörumarkaði á höfuðborgarsvæðinu og þar með veita þeim tveimur aðilum sem ráða nú 70-80% af dagvörumarkaðnum á höfuðborgarsvæðinu aukið aðhald með aukinni samkeppni til hagsbóta fyrir neytendur.

Þá er með samrunanum ætlunin að ná fram aukinni hagræðingu sem ætti að leiða til aukinnar arðsemi fyrirtækisins, sem neytendur munu njóta góðs af, enda mun samkeppnin veita slíkt aðhald að neytendur munu njóta góðs af lægra kostnaðarhlutfalli.

## **11. YFIRLÝSING**

Undirrituð lýsir því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Undirrituð hefur kynnt sér ákvæði 41. gr. b. samkeppnislagu.

Reykjavík, 25. júní 2018

f.h. Samkaupa hf.

Áslaug Arnadóttir  
hrl.